

Hringferð um Korsíku

9 dagar/ 8 nætur,



Dagur 1 : BASTIA

Flug til Bastia.

Göngum í gegnum bæinn, „La place Saint-Nicolas“ Torg heilags Nikulásar er umkringgt byggingum byggðum á 19. öld af auðugum kaupmönnum; **Gamla höfnin** þar sem Genúar“ Genovese“ ríktu og var hún vígi þeirra og hvaðan sat landstjóri Korsíku, hin tignarlega **Saint-Jean-Baptiste** kirkja hinna flekklausu, Hönnunin fékk viðurnefnið „litla leikhúsið“ þökk sé lúxus skreytingum hennar.



ÞAÐ FER EFTIR LENDINGARTÍMA FLUGS, HVORT MÖGULEIKI ER Á SKIPULAGÐRI LEIÐSÖGN UM BASTIA:

Lengd hennar er: 2:30

Lýsing: Farið er gangandi frá La place Saint Nicolas, með leiðsögumanni, sem fer yfir hápunkta arfleifðar Bastia "City of Art and History". Furðulegar og sögulegar staðreyndir, óvenjulegar sögur, hefðir og siðir einkenna ferðina sem tekur enda innan borgarvirkisins. Gestahópurinn sækir síðan einkatónleika korsíkósk fjölraddalaga í íburðarmiklu bænahúsi hins Heilaga Kross. Að lokum, bragðgóð smökkun á bestu staðbundnu afurðunum lokar þessari einstöku heimsókn til Korsíku.

Hápunktar: Gesturinn er fluttur inn í heim undarleika og tilfinninga í gegnum spegil tímans. Tónleikarnir og smökkun á korsíkönskum vörum eru forréttindastundir til að tengja við, skilja betur og elska korsíkönsku sálina.

Hótelgisting í Bastia

Dagur 2 : CAP CORSE / Korsíkuskagi

Lagt af stað til Korsíkuskaga, sem vísar til norðurs eins og vísingur, með tvær hliðar töfra af fjölbreytileika sínum og gróðri.

Farið að **Belvedere** myllunni hans Mattei, sem hannaði hinn fræga fordrykk “aperitif Mattei” og notaði Korsíkuskaga, til að auglýsa vörur sínar. Þaðan er stórkostlegt útsýni yfir smábátahöfnina **Centuri**, sem er þekkt fyrir humarveiðar.

Macinaggio. Er í dag smábátahöfn, mjög vinsæl á sumrin, þessi höfn hefur tekið á móti mörgum sögufrægum persónum, eins og Pascal Paoli „sem lenti þar þegar hann kom heim úr útlegðinni“, Napóleon eða Eugénie keisaraynju“ sem varð að stoppa þar þegar hún var á bakaleið eftir vixlu Súez skurðarins“. Með tilliti til góðrar staðsetningar gagnvart vindi, var oddurinn af „Cape“ nýttur með því að byggja myllur sem enn sjást í dag og sem nafnið **Macinaggio** er dregið af.

Á austurströndinni, verður farið í gegnum þorpin, **Santa-Severa**, **Sisco** “þá litlu smábátahöfn sem, áður en vegurinn var lagður, var aðeins aðgengileg sjóleiðina”, **Erbalunga**, “sem var ómissandi áfangastaður málara sem fóru í stórleiðangra sína á 19. Öld”, **Lavasina** “sem tekur á móti pílagrísum á hverju ári þ.8. september, fæðingardegi hinnar Heilögu Meyjar”, **Miomo** og **Pietranera**.

Farið aftur á hótelið í Bastia.



Dagur 3 : Gömlu þorpin í BALAGNE - CALVI

Farið leiðina í gegnum Agriates auðnina “**désert des Agriates**“ . Keyrt leiðina með gömlu þorpunum í **Balagne** þar sem ólífutréd er konungstréd, er það græddi auð þessa svæðis.

Uppgötvum: **Corbara** og hið frábæra klausturs þess sem enn er í rekstri, þaðan liggur leiðin að **Pigna**, þorpi þar sem margir iðnaðarmenn hafa sest að frá því á áttunda áratugnum, stoppum þar og hittum handverksfólk af svæðinu.

Eftir hádegið höldum við áfram að: þorpinu **Aregno** og stórkostlegu litlu þrenningarkirkjuna þess með marglitum framhliðum og myndhögnum skreytingum; **Sant'Antonino** sem situr á klettóttum tindinum og er meðal fallegustu þorpum Frakklands. Þaðan er stórkostlegt útsýni yfir alla **Aregno**-sléttuna, hæðirnar í kring og hina fornu ræktuðu akra sem huldu hana.

Haldið áfram eftir veginum í gegnum þorpin **Cateri**, **Lavatoggio** og loks **Lumio**.

Hádegismatur frjáls í **Pigna** og hótलगisting í **Calvi**.

Dagur 4 : CALVI

Fyrir hádegi : vinnustofa þar sem blóm og jurtir úr héraðinu eru kynntar og hvernig þær eru notaðar í matargerð.

Hádegisverður korsíkönsk blóm og jurtir.

Frjáls dagur eftir hádegi í borginni **Calvi** til að uppgötva ríka arfleifð hennar: fyrrum höll landstjórnanna, Bænahús **Saint Antoine Abbé** og kirkjuna **Saint-Jean-Baptiste** sem eitt sinn var aðsetur biskupsstóls. Einkunnarorð Calvi, áletruð við innganginn að borginni, "**Civitas Calvi Semper Fidelis**", það er að segja "borgin Calvi alltaf trú", var henni gefið af lýðveldi Genúa "Genova" meðan á átökunum um eyjuna stóð, En Genúar voru andvígir Franska-Tyrkneska bandalaginu á 16. Öld

Hótelgisting í Calvi.



Dagur 5 : CORTE

Haldið til **Corte**.

Farið í smálest upp og svo gengið um borginna. Frjáls tími í borginni með steinsteyptum götum sínum, með gömlum byggingum, sem leyndu heillandi sögu. Á 18. öld var hún höfuðborg eyjarinnar þegar hún fékk sjálfstæði sitt og gerði **Pascal Paoli** að hershöfðingja þessarar ungu þjóðar. Það er líka borg sem iðar af lífi þökk sé nemendum Korsíkanska háskólans sem hefur verið þar síðan í byrjun níunda áratugarins.

Frjáls hádegisverður.

Eftir hádegið haldið til **Ajaccio** um **Vizzavona fjallaskarðið** "**Col de Vizzavona**" og **Bocognano**.

Hótel í Ajaccio.



Dagur 6 : AJACCIO

Möguleiki er á leiðsögn um borgina: Áhugavert að skoða: pálmatréa torgið “**Place des Palmiers**” og gosbrunn þess með 4 ljónum og stytta af Napóleon Bonaparte 1.; **Bonaparte*** húsið þar sem hann fæddist; **dómkirkjuna** sem var fyrsta trúarbyggingin með hvelvingu á Korsíku; **borgarvirkið***; og **Tino Rossi** höfnina, sem einu sinni var fiskihöfn en sem smám saman er að breytast í skemmtibátahöfn.

Höldum til norðurs upp “**rue Fesch**”, göngugötu með mörgum verslunum. Uppgötvaðu einnig **Fesch-höllina*** sem frændi Napóleons gaf til heimabæjar hans og hýsir nú Fesch-safnið með merkilegu safni málverka. Þar við hlið er bæjarbókasafnið “**bibliothèque municipale***” og keisarakapellan “**la chapelle impériale***” þar sem foreldrar keisarans eru grafnir.



***Inngangseyrir á minjar og söfn eru ekki innifaldar í ferðakostnaði.**

Hádegisverður á Nepita og hittingur með matreiðslumeistararum Simon Andrews, sem heimsótti Ísland 2022 og var með korsíkanska matarkynningu í Alliance Francaise.

Eftir hádegi er frjáls tími í Ajaccio.

Hótel í Ajaccio.

Dagur 7 : BONIFACIO

Stefnan tekin suður að einum af gimsteinum eyjarinnar, ópaldýrð á glitrandi og kristalsbláum sjó: **Bonifacio**. Það er óraunverulegt umhverfi, einn af mest heimsóttu stöðum á Korsíku. Þessi höfn hefur verið fjölsótt síðan í fornöld, örugg og vel tryggð í skjóli á bak við hvíta kalksteinsklettana. Farið í siglingu (með fyrirvara um hagstæð veðurskilyrði) sem gerir þér kleift að sjá betur klettamyndanir, víkina sem vel er varin gegn stormum, tröppur konungsins af **Aragon**, sem sagðar eru byggðar á einni nóttu. Ef veðurskilyrði leyfa mun sjást til **Sardiníu**, aðeins tugi kílómetra í burtu,

Aukalega, ef veðurskilyrði eru hagstæð, býðst þér framlenging á siglingunni til eyjaklasans **Lavezzi-eyjar** (greiðsla á staðnum). Kristaltært vatn og hvítur sandur á ströndum þess gera það að

lítilli paradís. Það er himneskt umhverfi, þaðan sem teygja sig glæsilegar hvítar sandstrendur sem liggja að stórkostlegu kristalbláu vatni. Þar finna allir sína hamingju enda eru eyjarnar fullar af litlum skjólgóðum vikum sem duga til að gleyma öllu öðru. Í dag er dýralíf, gróður og fuglalíf þar friðlýst.

Frjáls hádegisverður.

Möguleiki á leiðsögn um borgina eftir hádegið, þennan einstaka stað sem gnæfir yfir hafið, staðsettur ofan á glæsilegum hvítum kalksteinsklettum, barinn af öldunum. Gamli bærinn kemur á óvart með vöfundarhúsi sínu af húsasundum og tilkomumikilli arfleifð.

Hótelgisting í Bonifacio.

Dagur 8 : BASTIA

Förum aftur til norðurs eftir „Austursléttunni“ í gegnum **Porto Vecchio**, þaðan upp til fjalla í gegnum Bavella og Larone fjallaskörðin „**Col de Bavella og Col de Larone**“.

Hádegismatur í formi picnics á leiðinni.

Haldið aftur í átt að sjónum við **Solenzara** og þaðan til Bastia. Á leiðinni er hægt að heimsækja vinnræktunar bónda, ostaframleiðanda eða korsíkanska hnífabúð.

Dagur 9: BASTIA - Heimferð

Ferð til Bastiaflugvallar og flug heim.





Innifalið er

- gisting á 3 stjörnu hótélum með morgunmat
- ferða til og frá flugvelli/hóteli á komu og brottfaradegi.
- rúta með loftkælingu daga 2 til 8 samkvæmt prógrammi
- Hádegismatur daga 4, 6 og 8
- Kvöldmatur dagur 1
- Leiðsögn í Bastia, Cap Corse, Matjurta vinnustofa
- Smálest í Corte
- Bátsferð í Bonifacio

Ekki innifalið er

- kvöldmatur (fyrir utan dag 1)
- hádegismatur (fyrir utan daga 4, 6 og 8)
- Drykkir aðrir en nefndir eru,
- persónulegur kostnaður,
- ferðabækur ekki veittar.


Einstaklingsherbergisuppbót 490 evrur (mjög takmarkaður fjöldi og kerfisbundið eftirspurn)

Og önnur þjónusta sem ekki er tilgreind sem innifalin í "tillögunni okkar inniheldur"


Dagur 2 CAP CORSE




Dagur 5 CORTE




Dagur 3 BALAGNE - CALVI



Dagur 6 AJACCIO



Dagur 7 BONIFACIO



Dagur 8 LINGUIZZETTA

